

## Skólahandbók



Upplýsingar um starf skólans og þá þjónustu sem hann býður upp á. Einnig um Frístund og íþróttá- og tólmundastarf.

## Efnisyfirlit

Um Grunnskólann í Borgarnesi .....	1
Skóladagatal .....	1
Skólaakstur .....	1
Bækur og ritföng.....	2
Heimsóknir í skólann .....	2
Umsjónarkennari.....	2
Veikindi.....	3
Leyfi .....	3
Stundvísi og ástundun .....	3
Skólamáltíðir.....	4
Vikufréttir .....	4
Lestrarstefna Borgarbyggðar.....	5
Foreldraviðtöl .....	5
Skólareglur.....	5
Uppbyggingarstefnan .....	5
Íþróttir .....	6
Valgreinar .....	6
Smiðjuhelgi .....	6
Frímínútur.....	6
Tvítýngdir nemendur – íslenska .....	6
Stoðþjónusta í skólanum .....	6
Búbblan.....	7
Skólahjúkrunarfræðingur .....	7
Námsráðgjafi .....	7
Sálfræðingur .....	7
Talmeinafræðingar .....	7
Útivistarreglur.....	8
Frístund.....	8
Ýmsir viðburðir .....	8
Jólaúttvarpið .....	8
Litlu-jólin.....	9
Öskudagur .....	9

100 daga hátíð .....	9
Ofurbekkjaleikar og miðstigsleikar .....	9
Árshátíð .....	9
Skólasetning .....	9
Samræmd próf .....	10
Skólaslit.....	10
Tónlistarnám, íþróttá- og tómstundastarf .....	10
Tónlistarnám.....	10
Óðal .....	10
Skátar.....	10
Íþróttáæfingar .....	10
Ýmsar upplýsingar .....	11

## Um Grunnskólann í Borgarnesi

Heimilisfang skólans er Gunnlaugsgata 13, 310 Borgarnes.

Símanúmer skólans er 433 7400.

Skólinn er opinn frá kl. 8:00 – 16:00 alla virka daga. Svarað er í síma frá kl. 7:30.

Heimasíða skólans er <https://grunnborg.is/>

Skólastjóri er Júlía Guðjónsdóttir ([julia@grunnborg.is](mailto:julia@grunnborg.is)) og aðstoðarskólustjóri er Ragnhildur Kristín Einarsdóttir ([kristine@grunnborg.is](mailto:kristine@grunnborg.is))

Skólaritari er Guðdís Jónsdóttir ([grunnborg@grunnborg.is](mailto:grunnborg@grunnborg.is))

Kennsla hefst hjá yngsta- og unglíngastigi kl. 8:10, en hjá miðstigi kl. 8:20.

Samkvæmt lögum um grunnskóla 91/2008 þá er skólaskylda fyrir öll börn á Íslandi á aldrinum 6 – 16 ára. Hlutverk foreldra/forráðamanna í samstarfi við skólann er margþætt. Þar má nefna:

- sjá til þess að barn mæti í skólann á réttum tíma og sinni sínu námi
- sjá til þess að barn sé klætt eftir veðri og hafi meðferðis þau gögn sem þarf
- aðstoða við heimanám, lestrarþjálfun er þar sérlega veigamikill þáttur
- vera í virkum samskiptum við umsjónarkennara, mæta í foreldraviðtöl og á fundi sem boðað er til varðandi námið og skólustarfið
- virða reglur um útvístartíma barna
- stuðla að heilbrigði barns og vellíðan

## Skóladagatal

Skóladagatal er birt á heimasíðu skólans. Þar eru upplýsingar um starfsdaga, frídaga, foreldraviðtöl, þemadaga og fleira. <https://grunnborg.is/skoladagatal/>

## Skólaakstur

Skólaakstur er úr dreifbýlinu og tvær morgunferðir og tvær síðdegisferðir innanbæjar. Skólaakstur er alla daga þegar nemendur mæta, þar með talið á skólasetningu, litlu-jól og skólaslit.

## Skólabíll innanbæjar í Borgarnesi

KL. (FERD II)	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
07:45 (8:02)	Sandvík	Sandvík	Sandvík	Sandvík	Sandvík
07:48(8:05)	Bjargsland	Bjargsland	Bjargsland	Bjargsland	Bjargsland
07:50 (8:07)	Ugluklettur	Ugluklettur	Ugluklettur	Ugluklettur	Ugluklettur
07:52 (8:08)	Kvíaholt	Kvíaholt	Kvíaholt	Kvíaholt	Kvíaholt
07:55 (8:10)	Dílahæð	Dílahæð	Dílahæð	Dílahæð	Dílahæð
13:35	Frá skóla	Frá skóla	Frá skóla	Frá skóla	Frá skóla
14:15	Frá skóla	Frá skóla	Frá skóla	Frá skóla	Frá skóla
14:30	Frá skóla	Frá skóla	Frá skóla	Frá skóla	Frá skóla

Allir skólabílar stoppa í skýli við íþróttahús.

Skólabílar á Mýrar fara alla daga kl. 14:30.

Upplýsingar um leiðir skólabíla í dreifbýli og símanúmer bílstjóra eru í starfsáætlun skólans.

<https://grunnborg.is/wp-content/uploads/2019/10/Starfs%C3%A1%C3%A6tlun-2019-2020-1.pdf>

## Bækur og ritföng

Nemendur greiða ekki fyrir kennslubækur og skólagögn (blýanta, stílabækur, liti o.þ.h), en greiða þarf fyrir mötuneyti (sjá síðar). Nemendur þurfa að hafa skólatösku með í skólann og íþróttaföt. Ætlast er til að nemendur séu klæddir eftir veðri.

## Heimsóknir í skólann

Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólann en skulu hafa samráð við umsjónarkennara varðandi heimsóknir í bekkinn á skólatíma. Foreldrar, sem og aðrir gestkomandi, þurfa að gera grein fyrir erindi sínu hjá ritara skólans. Mikilvægt er að trufla ekki starfið í skólanum, þar á að vera öruggt starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk. Allir foreldrar undirrita bréf um þagnarskyldu, sem gilda skal um það sem fram fer í skólanum. Þurfi foreldrar að koma hlutum/gögnum til nemenda á skólatíma, er æskilegast að skila slíku til ritara sem afhendir svo nemendum.

Á meðan varúðarráðstafanir gilda vegna Covid19 þá eru foreldrar beðnir um að koma ekki í skólann án þess að vera boðaðir sérstaklega af starfsfólki skóla.

## Umsjónarkennari

Allir nemendur eiga sinn/sína umsjónarkennara. Í öllum árgöngum í grunnskólanum starfa umsjónarkennarar í teymum, ásamt stuðningsfulltrúum, aðilum í stoðþjónustu og sérgreinakennurum, eftir því sem við á. Umsjónarkennarar eru tenglar heimilis og skóla. Gott samstarf umsjónarkennara og foreldra er afar mikilvægt. Hægt er að bóka viðtal hjá umsjónarkennurum, sem og öðrum, en einnig má nýta tölvupóst og símtöl í virkt samstarf. Umsjónarkennarar senda föstudagspóst til foreldra/forráðamanna þar sem fram kemur hvað helst er á döfinni hjá hverjum bekk.

## Veikindi

Hægt er að tilkynna um veikindi með skráningu í Mentor, [www.mentor.is](http://www.mentor.is). Æskilegt er að senda inn tilkynningu áður en kennsla hefst. Einnig er hægt að hringja að morgni. Æskilegt er að hringt sé fyrir kl. 8:00. Sé um langvarandi veikindi að ræða, er gert ráð fyrir að læknavottorði sé skilað inn. Þurfi nemandandi á sjúkrakennslu að halda, skal sækja um slíkt til skólustjóra. Sjúkrakennsla er í samræmi við lög um grunnskóla 91/2008, 17. gr.

## Leyfi

Hægt er að sækja um leyfi til allt að tveggja daga hjá umsjónarkennara eða skólaritara. Ef óska þarf eftir lengra leyfi fyrir nemendur, skal fylla út eyðublað sem finna má á heimasíðu skólans, undir liðnum “Eyðublað og umsóknir” [http://grunnborg.is/Files/Skra\\_0001669.pdf](http://grunnborg.is/Files/Skra_0001669.pdf) og skila því til umsjónarkennara eða ritara.

Vakin er athygli á því að foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á námi barna sinna meðan á leyfi stendur.

## Stundvísi og ástundun


Í Mentor er skráð mæting nemenda og í sumum tilfellum ástundun í kennslustundum. Mætingareinkunn nemenda lækkar ef þeir mæta of seint eða ef um fjarvist er að ræða. Umsjónarkennarar senda heim yfirlit yfir mætingu einu sinni í mánuði. Á heimasíðu skólans eru reglur um skólasókn.

<https://grunnborg.is/skolinn/skolareglur/skolasokn/>

Skólasóknarkerfi Borgarbyggðar gildir fyrir báða grunnskólana. Munurinn á reglum um skólasókn á heimasíðu og skólasóknarkerfi Borgarbyggðar er að skv. skólasóknarkerfinu skal einnig horfa til þeirra daga þegar nemandi er skráður veikur. Samkvæmt Mentor lækkar mætingareinkunn ekki þegar skráðir eru veikindadagar.

Alltaf er reynt að ná sem bestum árangri í ástundun nemenda, m.a. með aðlagaðri stundaskrá, í samræmi við þarfir nemenda. En fyrst og fremst er það gott samstarf heimilis og skóla sem skilar góðri ástundun.

## Skólasóknarkerti grunnskóla Borgarbyggðar



### Skólamáltíðir

Í grunnskólanum er mötuneyti þar sem framreiddur er staðgóður og hollur matur alla skóladaga. Nemendur á hverju stigi eru á sama tíma í mötuneytinu. Matreiðslumeistari er Snæbjörn Óttarsson ([eldhus@grunnborg.is](mailto:eldhus@grunnborg.is)) Matseðill er birtur á heimasíðu skólans fyrir einn mánuð í senn. Ávaxtastund er í tengslum við morgunfrímínútur. Hafragrautur og morgunkorn er framreitt alla morgna frá kl. 8:00. Ávaxtastund er á öllum stigum í tengslum við fyrstu frímínútur. Hádegisverður er kl. 11:10 hjá yngsta stigi, kl. 11:40 hjá unglingastigi og kl. 12:10 hjá miðstigi. Gjaldskrá mötuneytis má finna á heimasíðu skólans, <https://grunnborg.is/matur/> Mikilvægt er að láta vita áður en skólaganga hefst, ef nemandi er með ofnæmi eða óþol af einhverju tagi.

### Vikufréttir

Vikufréttir er fréttabréf sem sent er til foreldra/forráðamanna og starfsfólks á fimmtudögum. Þar er yfirlit yfir það sem er á döfinni í skólanum og fréttir af skólastarfinu. Ábyrgðarmaður Vikufréttar er Guðdís Jónsdóttir, ritari ([grunnborg@grunnborg.is](mailto:grunnborg@grunnborg.is))

## Lestrarstefna Borgarbyggðar

Lykillinn að farsælu námi er að ná góðum tókum á lestri og geta þannig tileinkað sér námsefni. Það krefst mikillar þjálfunar að ná góðum tókum á lestri. Það er mikilvægt að bæði heimili og skóli sinni þeirri þjálfun. Lestrarstefnan er leiðarljós varðandi markmiðssetningu og þjálfun. Lestrarstefnan er á heimasíðu Borgarbyggðar <https://www.gbf.is/wp-content/uploads/2017/06/Lestrarstefna-leik-og-grunnsk%C3%B3la-Borgarbygg%C3%B0ar-2017-2021.pdf>

## Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvisvar á hverjum vetri, í október og í febrúar/mars. Ætlast er til að foreldrar allra nemenda mæti í viðtöl. Túlkur er í viðtölum, ef þarf. Í foreldraviðtölum gefst kostur á að ræða líðan, námið og fleira. Það er gagnlegt fyrir alla. Á foreldraviðtalsdegi eru vöfflur og kakó í boði skólans. Foreldrar bóka viðtal í Mentor.

## Skólareglur

Skólareglur endurspeglast í bekkjarsáttmálum allra árganga. Skólareglurnar og viðurlög við agabrotum má finna á heimasíðu skólans. Komi upp slík mál er reynt að leysa úr þeim á uppbyggilegan hátt, þannig að allir geti gengið sáttir frá borði. Á heimasíðu skólans má nálgast ítarlegri upplýsingar <https://grunnborg.is/skolinn/skolareglur/lausn-agamala/>, <https://grunnborg.is/skolinn/skolareglur/skyru-morkin/>

## Uppbyggingarstefnan

Skólinn starfar í anda Uppbyggingarstefnunnar. Einkunnarorðin eru uppbygging til sjálfsaga, uppeldi til ábyrgðar. Á hverju hausti útbúa allir árgangar sinn bekkjarsáttmála, sem inniheldur þær reglur og viðmið sem nemendum finnast mikilvæg til að starfið sé sem farsælast. Allir kennarar og nemendur fá fræðslu um Uppbyggingarstefnuna á hverjum vetri, því þekking er mikilvæg til að geta notað þær þjargir sem Uppbyggingarstefna veitir. Nemendur fá þar til dæmis leiðsögn við að leysa mál, að taka ábyrgð á eigin lífi og að vera hluti af stærri hópi. Nánari upplýsingar um Uppbyggingarstefnuna má finna á heimasíðu Uppbyggingarstefnunnar <https://uppbygging.is/>



## Íþróttir

Íþróttakennsla fer fram í Íþróttamiðstöðinni (íþróttahús og sundlaug). Nemendur í yngri bekkjum fá fylgd í íþróttir. Sundkennsla er einu sinni í viku, hjá öllum nemendum og í þróttakennsla í sal/úti tvisvar í viku. Reynt er að hafa útiíþróttir á haustin og vorin, eins og veður leyfir. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar og fjölbreytt viðfangsefni. Mikilvæg er að nemendur hafi íþrótt- og sundföt með eftir því sem við á. Komi upp sú staða að nemandi vilji ekki sækja íþróttir er mikilvægt að ræða málin til að finna lausn. Fjarvist án skýringar er engin lausn. Íþróttakennarar eru Hanna S. Kjartansdóttir ([hannasigga@grunnborg.is](mailto:hannasigga@grunnborg.is)), Sigrún Ögn Sigurðardóttir ([dodo@grunnborg.is](mailto:dodo@grunnborg.is)) og Haraldur Már Stefánsson ([halli@grunnborg.is](mailto:halli@grunnborg.is))

## Valgreinar

Val er skráð á stundaskrá hjá öllum nemendum, einu sinni í viku. Kennarar stýra valinu á yngsta stigi en nemendur á mið- og unglingsstigi velja úr ákveðnum viðfangsefnum með áherslu á list- og verkgreinar. Misjafnt er hvað er í boði á hverjum vetri. Valið er fyrir haustönn í ágúst og fyrir vorönn í desember. Ein valgreinin er lðn-verkefnið. Þróunarverkefni sem hófst árið 2015. Það hefur þá sérstöðu að vera kennt utan skólans. Nemendur fara á vinnustaði og taka þar þátt í verkefnum undir stjórn leiðbeinanda. Nokkur fyrirtæki í Borgarnesi hafa verið samstarfsaðilar skólans í því verkefni.

## Smiðjuhelgi

Nemendur á unglingsstigi mæta á smiðjuhelgar tvisvar á skólaárinu, í október og í apríl. Smiðjuhelgar koma í stað fleiri valgreinatíma í skólanum. Nemendur velja sér eitt námskeið fyrir hvora helgi. Unnið er í smiðjum frá 14.30 til 18.30 á föstudegi og frá 8.30 til 14.30 á laugardegi.

## Frímínútur

Nemendur í 1. – 7. bekk fara í útifrímínútur tvisvar til þrisvar á dag. Það er mikilvægt að nemendur séu klæddir eftir veðri til að geta notið útivistar. Nemendur í 8. – 10. bekk hafa val um að vera innandyra eða úti í frímínútum.

## Tvítyngdir nemendur – íslenska

Tvítyngdir nemendur eiga rétt á íslenskukennslu í skólanum. Þeir hafa einnig val um að stunda fjarnám frá sínu heimalandi. Þá er tölva/spjaldtölva til afnota í skólanum og gert ráð fyrir tímum til fjarnáms á stundaskrá. Tvítyngdir nemendur mega skv. lögum sleppa dönsku, en læra sitt móðurmál eða annað Norðurlandamál í staðinn. Sænska og norska eru í fjarnámi frá Tungumálaveri Laugalækjarskóla í 9. og 10. bekk. Norska einnig í 8. bekk.

## Stoðþjónusta í skólanum

Tveir þroskaþjálfar starfa í skólanum, auk nokkurra sérkennara. Reynt er að koma til móts við námslegar þarfir nemenda með einstaklingsmiðuðu námi, þjálfun og fjölbreyttum viðfangsefnum. Námsver er á unglingsstigi, auk námsversins Kletts, þar sem sérþekking er á röskun á einhverfurófi og hegðunarvanda. Í sérkennslu eru nemendur yfirleitt í fámennum hópum, 2 – 4 í hóp, ýmist inni í bekk eða utan bekkjar. Allt eftir því hvað hentar best. Deildarstjóri stoðþjónustu er Hulda Hrönn Sigurðardóttir ([huldahronn@grunnborg.is](mailto:huldahronn@grunnborg.is))

## Búbblan

Búbblan er hluti af stoðþjónustu skólans. Þar er stuðlað að velferð nemenda með slökun, fræðslu, jóga, hugleiðslu o.þ.h, til að auka vellíðan, draga úr kvíða og gera nemendur meðvitaðri um eigin styrkleika. Velferðarkennari skólans er Elín Matthildur Kristinsdóttir ([elin@grunnborg.is](mailto:elin@grunnborg.is)). Í Búbblunni er boðið upp á sjálfstyrkingarviðtöl, en sækja þarf um þau hjá umsjónarkennara eða deildarstjóra.

## Skólahjúkrunarfræðingur

Sigríður Eva Magnúsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur, er með viðveru í skólanum á þriðjudögum og miðvikudögum, fyrir hádegi. Skólahjúkrunarfræðingur er með fræðslu fyrir nemendur, auk þess að sinna almennt heilsu þeirra og velferð. Foreldrar geta einnig notið liðsinnis skólahjúkrunarfræðings, varðandi fræðslu og aðstoð sem tengist heilsu og velferð nemenda.

Skólahjúkrunarfræðingur starfar einnig á HVE í Borgarnesi. Mikilvægt er að láta skólahjúkrunarfræðing vita ef nemandi er með ofnæmi, óþol eða á við langvarandi veikindi að stríða. Nemendur geta mætt í spjall til hjúkrunarfræðings án þess að beiðni frá foreldrum eða kennurum liggi fyrir.

## Námsráðgjafi

Elín Kristjánsdóttir námsráðgjafi ([elin@menntaborg.is](mailto:elin@menntaborg.is)) er með viðveru í skólanum á mánudögum og fimmtudögum. Námsráðgjafi vinnur með nemendum, foreldrum og starfsmönnum skóla. Námsráðgjafi stuðlar að velferð nemenda með ráðgjöf, viðtölum, aðstoð varðandi samskipti og ýmislegt fleira. Nemendur geta mætt í viðtal til námsráðgjafa einir, án þess að beiðni frá foreldrum eða kennurum liggi fyrir. Námsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda.

## Sálfræðingur

Ester Ingvarsdóttir og Silja Rut Jónsdóttir, sálfræðingar hjá Sensus, starfa sem verktakar hjá Borgarbyggð. Viðvera er um það bil 1 – 2 dagar í mánuði. Ekki er um að ræða reglubundin viðtöl við nemendur, en mat á stöðunni og nemendum þá vísað annað eftir því sem þörf er á. Einnig fræðsla og ráðgjöf fyrir starfsfólk skóla, eftir því sem tók eru á.

## Talmeinafræðingar

Bjarnfríður Leósdóttir og Berglind Bjarnadóttir starfa sem verktakar hjá Borgarbyggð. Þær mæta í grunnskólann eftir þörfum. Þær sinna einungis greiningum og ráðgjöf. Þurfi nemendur á þjálfun talmeinafræðings að halda, er sótt um á grundvelli þeirrar niðurstöðu sem fram kemur í greiningu talmeinafræðinga.

## Útivistarreglur

Á Íslandi gilda, samkvæmt barnaverndarlögum 80/2002, útivistarreglur fyrir börn, í samræmi við barnaverndarlög 80/2002, 92. gr. Markmið með útivistarreglum er að stuðla að velferð barna, m.a. því að þau fái nægan svefn. Útivistarreglur eru misjafnar eftir árstíðum. Aldursmörk miðast við fæðingarár. Vetur (1. september – 1. maí)

12 ára og yngri mega vera úti til kl. 20:00, 13 – 16 ára mega vera úti til kl. 22:00.

Sumar (1. maí - 1. september)

12 ára og yngri mega vera úti til kl. 22:00 og 13 – 16 ára mega vera úti til kl. 24:00.

Undantekningar eru þó ef börn eru á heimleið af viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

## Frístund

Boðið er upp á frístund fyrir nemendur í 1. – 4. bekk, frá því að skóla lýkur til kl.

16:15. Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB) sér um frístund, sem er staðsett í skólahúsnæðinu.

Forstöðuaðili Frístundar er Svala Eyjólfsdóttir (netfang [svala.eyjolfsdottir@borgarbyggd.is](mailto:svala.eyjolfsdottir@borgarbyggd.is), sími:433

7425). Sótt er um Frístund á vefnum [www.umsb.is](http://www.umsb.is) í gegnum Völu frístundarkerfi. Þeir nemendur, á

yngsta stigi, sem fara með skólabil í dreifbýlið geta verið í Frístund fram að ferð skólabilis,

endurgjaldslaust. Fræðslu um starfsemi Frístundar má finna á vef

UMSB, <https://umsb.is/tomstundir/ithrotta-og-tomstundaskolinn/> Börn sem eru í Frístund geta mætt á

íþróttaæfingar og í tónlistarnám á meðan á dvöl í Frístund stendur. Starfsfólk sér um að senda börnin í

tómstundir á réttum tíma og fylgja þeim yngstu á réttan stað. Á sumrin er starfrækt Sumarfjör fyrir sama

aldurshóp á vegum frístundar.

Frístundastyrkur er fyrir börn og ungmenni í Borgarbyggð, sem má nota til að greiða niður

íþrótta- og tómstundastarf, ásamt tónlistarnámi. Upplýsingar um Frístundastyrk má finna á heimasíðu

Borgarbyggðar, <https://www.borgarbyggd.is/is/thjonusta/ithrottir-og-tomstundarstarf/fristundastyrkur>

## Ýmsir viðburðir

### Jólaútlarpíð

FM Óðal 101,3 er jólaútlarp grunnskólans. Það er starfrækt eina viku í desember, sendir út frá morgni til

kvölds í fimm daga. Allir bekkir á yngsta- og miðstigi eru með bekkjarþátt en nemendur á unglíngastigi

eru 2 – 3 í hóp með útvarpsþátt. Handrit að útvarpsþætti er hluti af námsmati í 8. – 10. bekk. Formaður

nemendafélagsins er útvarpsstjóri en umsjónaraðili verkefnisins er Kristín M. Valgarðsdóttir, deildarstjóri

([kristinv@grunnborg.is](mailto:kristinv@grunnborg.is)). Fyrirtæki kaupa auglýsingar sem fluttar eru í útvarpinu. Nemendur semja

auglýsingarnar sem ýmist eru lesnar eða sungnar. Ágóði af jólaútlarpinu hefur farið til tækjakaupa.

Útsendingar eru í appinu Spilarinn. Hér er Facebook síða FM Óðals 101,3

<https://www.facebook.com/fmodal/>

## Litlu-jólin

Litlu-jólin eru haldin hátíðleg síðasta kennsludaginn fyrir jól. Þá mæta nemendur og kennarar í sparifötum. Dagskráin hefst á stofujólum í kennslustofu. Þar er lesin saga, spilað og fleira til gamans gert. Nemendur hafa yfirleitt með sér smákökur, safa og pakka í pakkaleikinn. Það er þó mismunandi eftir bekkjum. Að lokinni bekkjarstund fara allir í íþróttahúsið, þar sem nemendur í 3. og 4. bekk flytja helgileik (leikið og sungið) og skemmtiatriði eru frá nemendum í 6. og 10. bekk. Í lokin er gengið í kringum jólatréð og jólasöngvar sungnir

## Öskudagur

Á öskudag mega nemendur mæta í grímubúningum í skólann. Þann dag er öskudagsball á vegum UMSB í Óðali. Það er auglýst þegar nær dregur klukkan hvað böll eru, en þau eru aldurrsskipt.

## 100 daga hátíð

Þegar 100 dagar eru liðnir frá skólasetningu halda nemendur á yngsta stigi, ásamt kennurum sínum, 100 daga hátíð. Þá eru fjölbreytt verkefni á öllu stiginu, auk þess sem nemendur spila, horfa á mynd og veitingar eru í boði.

## Ofurbekkjaleikar og miðstigsleikar

Ofurbekkjaleikar eru íþróttakeppni fyrir unglingastig. Á skólatíma. Árgangarnir keppa um ofurbekkjaleikabikarinn. Bekkirnir eru með búninga- og litapema. Umsjónarkennarar skipuleggja það með sínum bekk.

Miðstigsleikar eru íþróttamót nemenda í 5. – 7. bekk. Á skólatíma. Keppendur eru frá Auðarskóla, Reykhólaskóla, Heiðarskóla, Laugargerðisskóla og Grunnskóla Borgarfjarðar. Mótið er ýmist haldið í Borgarnesi eða á Kleppjárnsreykjum.

## Árshátíð

Árshátíð grunnskólans er haldin á vorönn. Vikuna á undan eru þemadagar, þar sem nemendur undirbúa árshátíðaratriði. Allir bekkir á yngsta- og miðstigi eru með sitt atriði, en unglingastigið er með eitt leikrit saman. Á árshátíðardaginn mætar nemendur í skólann til hádegis. Þeir mætar svo aftur kl. 16 í Hjálmaklett (Menntaskóla Borgarfjarðar). Þá eru tvær sýningar, kl. 16:30 og 18:30. Gestir greiða aðgangseyri og það sem safnast fer í ferðasjóð nemenda. Að lokinni seinni sýningunni sækja foreldrar nemendur eða þeir fara heim með skólabíl.

## Skólasetning

Skólasetning grunnskólans er í íþróttahúsinu eða sal skólans. Foreldrar eru velkomnir. Á skólasetningu er farið yfir ýmsar upplýsingar. Að því loknu fara nemendur með sínum umsjónarkennurum í bekkjarstofur. Afhentar eru stundaskrár og fleira. Skólaakstur er á skólasetningardegi.

## Samræmd próf

Samræmd próf fyrir 4. og 7. bekk, í íslensku og stærðfræði, eru í september. En fyrir 9. bekk, í íslensku, stærðfræði og ensku, í mars. Samræmd próf eru á vegum Menntamálastofnunar. Þau eru alfarið rafræn. Stefna skólans er að allir nemendur þreyti rafrænt próf á prófdegi. Þeir sem ekki geta tekið samræmt próf, leysa einstaklingsmiðað skólapróf.

## Skólaslit

Skólaslitin eru tvískipt. Nemendur í 1. – 9. bekk og kennarar fara í skruðgöngu frá skólanum á íþróttasvæðið. Skipt er í hópa og síðan tekur við skipulögð dagskrá með ýmsum leikjum, þrautum og fleiru. Boðið er upp á grillaðar pylsur í Skallagrímssgarði. Í lok dagskrár eru vitnisburðarblöð afhent. Útskrift 10. bekkjar er seinnipart dagsins. Hátíðaleg útskriftarathöfn fyrir nemendur, aðstandendur og starfsfólk skóla. Afhent eru vitnisburðarblöð og verðlaun fyrir góðan árangur. Veitingar eru í boði foreldra.

## Tónlistarnám, íþróttá- og tómstundastarf

### Tónlistarnám

Tónlistarskóli Borgarfjarðar er við Borgarbraut, nálægt skólanum. Þar er hægt að læra á hin ýmsu hljóðfæri, auk þess að læra söng. Söngleikjadeild tónlistarskólans setur upp söngleik árlega. Fjölbreytt og skemmtilegt starf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Skólastjóri tónlistarskólans er Theodóra Þorsteinsdóttir ([tonlistarskoli@borgarbyggd.is](mailto:tonlistarskoli@borgarbyggd.is)) Upplýsingar um námið og námsgjöld má finna á [https://www.borgarbyggd.is/static/files/Menntun\\_og\\_born/Tonlistarskoli/frettabref.agust.2020.pdf](https://www.borgarbyggd.is/static/files/Menntun_og_born/Tonlistarskoli/frettabref.agust.2020.pdf)

### Óðal

Félagsmiðstöðin Óðal er staðsett stutt frá skólanum. Þar er ýmiss dagskrá í gangi fyrir nemendur á mið- og unglíngastigi. Óðal er starfrækt af UMSB. Tómskundafulltrúi þar er Davíð Guðmundsson ([david@umsb.is](mailto:david@umsb.is)). Upplýsingar um starfið má finna á Facebook síðu Óðals <https://www.facebook.com/felagsmidstodinodal/>

### Skátar

Skátafélag Borgarness hefur aðsetur í Skátahúsinu í Skallagrímssgarði. Í skátafélaginu er virkt og skemmtilegt starf. Nánari upplýsingar má finna á Facebook síðu félagsins: <https://www.facebook.com/SkatafelagidiBorgarbyggd/>

### Íþróttáæfingar

Reglubundnar æfingar í ýmsum íþróttum eru á vegum UMSB (<https://umsb.is/>) og Skallagríms. Þar má nefna körfubolta, fótbolta og sund. Nánari upplýsingar má finna á Facebook síðum.

Körfubolti <https://www.facebook.com/Skallgrkarfa/>

Fótbolti <https://www.facebook.com/skallagrimur.fotbolti>

Sund [https://www.facebook.com/Sunddeild-Skallagr%C3%ADms-713830868700720/?\\_tn=%2Cd%2CP-R&eid=ARDTQv6QkVg-BuJI3GJMysudHKTrAG6fFeS7ou2mHkYjii6xZWKc2YJX9gdp15kDbqneY0jinR9VdV](https://www.facebook.com/Sunddeild-Skallagr%C3%ADms-713830868700720/?_tn=%2Cd%2CP-R&eid=ARDTQv6QkVg-BuJI3GJMysudHKTrAG6fFeS7ou2mHkYjii6xZWKc2YJX9gdp15kDbqneY0jinR9VdV)

Einnig hafa verið badmintonæfingar og frjálssar íþróttir.

## Ýmsar upplýsingar

Heimasíða Grunnskólans <https://grunnborg.is/>

Heimasíða sveitarfélagsins <https://www.borgarbyggd.is/>

Heilsugæslustöðin í Borgarnesi <https://www.hve.is/starfsstodvar/borgarnes/>

**Neyðarlínan 112.** Allir geta hringt í 112 og úr öllum sínum. Samband næst við 112 þó ekkert símakort sé í símanum, engin inneign eða símareikningur ógreiddur.

Á <https://island.is/> eru upplýsingar um opinberar stofnanir á Íslandi og þjónustu þeirra. Á íslensku og ensku.

Landsamtök foreldra, <https://www.heimilhogskoli.is/>

Fjölmeningarsetur <https://www.mcc.is/>, þar eru ýmsar upplýsingar og eyðublöð. Á íslensku, ensku og pólsku.

Íslenskunámskeið fyrir fullorðna, <https://simenntun.is/nam-almennt/islenska-icelandic/>

Rauði krossinn á Íslandi, <https://www.raudikrossinn.is/english/> og hjálparsíminn 1717, <https://www.raudikrossinn.is/hvad-gerum-vid/hjalparsiminn-1717/>

Skólahandbók unnin af Huldu Hrönn Sigurðardóttur í ágúst 2020.